



# Sumarhúsatrygging

Skilmáli E-8

Sumarhúsatrygging veitir vernd gagnvart ýmsum tjónum á sumarhúsi og innbúi þess öðrum en brunatjónum á fasteigninni sjálfri sem er tryggð undir lögboðinni brunatryggingu. Tryggingin inniheldur einnig ábyrgðartryggingu. Til þess að mæta frekari þörf býður tryggingin enn fremur upp á þrjá valkvæða viðbótarliði, t.d. fyrir gestahús og heita potta.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteini ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Bótasvið tryggingarinnar er tæmandi talið í skilmála þessum. Ef tryggingartaki eða tryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyldt samkvæmt ákvæðum skilmálans þá nær tryggingin ekki yfir slíkt tjón. Þegar iðgjald er greitt af þessari tryggingu er jafnframt greitt náttúruhamfaratryggingariðgjald. Lausafjármunir þeir sem tryggingin nær yfir verða þá sjálfkrafa tryggðir fyrir náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á um í lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands nr. 55/1992.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Tryggður:** Þinglýstur eigandi sumarhússins. Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í eigninni.

**Sumarhús:** Sumarhús og almennt fylgifé þess. Við það skal miðað að sumarhús séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati sumarhússins auk fasttengdra hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útveggi teljast ekki til sumarhússins í skilningi þessa skilmála nema þau séu hluti af brunabótamati.

**Innbú:** Lausafé og persónulegir munir sem almennt fylgja sumarhúsum og teljast ekki vera hluti af húseign eða fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem tryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli sumarhúsa. Dyr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála.

**Tryggingarfjárhæð:** Tryggingarfjárhæð sumarhússins er miðuð við brunabótamat húseignar eða húseignarhluta. Innbúsfrjárhæð er ákvörðuð af tryggingartaka sem og aðrar fjárhæðir fyrir valkvæða þætti, allar tryggingarfjárhæðir koma fram á tryggingarskírteini.

**Hið tryggða:** Hið tryggða telst vera sumarhúsið ásamt innbúi og eftir atvikum þeir valkvæðu þættir sem eru valdir.

Efnisyfirlit:

- Brunatrygging
- Vatnstjónstrygging
- Skýfalls- og asahlákuþrygging
- Frostsprunguþrygging
- Innbrotstrygging
- Skemmdarverk
- Brot- og hrunstrygging
- Snjópungatrygging
- Fok- og óveðurstrygging
- Glertrygging
- Kæli- og frystivara
- Ofhitnun á þvotti
- Pallar og smáhýsi (valkvætt)
- Heitir pottar (valkvætt)
- Innbúskaskó (valkvætt)
- Ákvörðun bóta
- Ábyrgðartrygging húseigenda
- Almenn ákvæði

## 1. Kafli. Brunatrygging

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir beint tjón á hinu tryggða af völdum:

- eldsvoða.** Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar.
- eldingar.** Með eldingu er átt við varma eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Tryggingin bætir tjón af völdum eldingar þótt ekki verði laus eldur.
- sprengingar.** Hér er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.
- skammhlaups í raftækjum.**
- sótfalls frá viðurkenndu kynditæki og eldstæði.** Þegar tjón verður við skyndilegar og ófyrirséðar ástæður.
- slökkvi- og björgunarstarfa.** Félagið greiðir sanngjarnan kostnað við björgun, flutning og geymslu á tryggðu innbúi þegar markmið ráðstöfunarinnar er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna. Það sama á við um innbúi sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.
- loftfars sem hrapar.** Hér er átt við tjón sem verður vegna loftfars eða hluta úr loftfari sem hrapar eða fellur af himnum ofan. Tryggingin bætir tjón þótt ekki verði laus eldur.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- sem lögboðin brunatrygging húseigna nær til.
- vegna sviðnunar eða bráðnunar, sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar né tjón á munum, sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.
- sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- vegna skammhlaups í tækjum sem eru eldri en 10 ára.
- vegna skammhlaups sem ábyrgð seljanda nær yfir.
- vegna skammhlaups eða annars tjóns sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.
- vegna sóts sem safnast hefur fyrir smám saman við notkun kynditækja.

### 3. gr. Varúðarregla

- Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- Tryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á tryggingarstað sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.
- Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar

## 2. Kafli. Vatnstjónstrygging

### 4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum:

- vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Tryggingin greiðir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama en ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.
- vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr hreinlætistækjum, kælikápum, frystikistum, vatnsrúmum og fiskabúrum vegna mistaka eða bilana.

### 5. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennislleiðslum eða ef skólþleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyldt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- af völdum leka úr skólþ- eða frárennislleiðslum í grunni hinnar tryggðu húseignar, sem rekja má til missígs, eðlilegs slits eða tæringar og vegna sígs á grunni húseignarinnar, s.s. vegna útskolunar á jarðvegi.
- á þeim mun er veldur tjónsatviki vegna vökvaústreymis, s.s. rör (miðstöðvar-, vatns- eða frárennislrör), ofnar eða tæki.
- sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu eða sveppagróðurs þrátt fyrir að það teljist vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar.
- vegna leka sem á upptök sín utan við útveggi húss eða undir botnplötu þess.

f. vegna kostnaðar við uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka.

**6. gr. Varúðarregla**

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í sumarhúsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi neysluvatns þegar hætta er á frosti.

### 3. Kafli. Skýfalls- og asahlákutrygging

**7. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón á tryggðri fasteign af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku þar sem vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur og niðurföll ná ekki að leiða það frá. Tryggingin bætir einungis tjón samkvæmt þessari grein sem orsakast af því að vatn kemst inn um þéttingar meðfram hurðum eða gluggum sem eru á jarðhæð eða í kjallara fasteignar.

Til að úrhelli teljist hafa átt sér stað skal úrkoma hafa verið meiri en 15 mm á 3 klst tímabili eða yfir 80 mm á 24 klst tímabili.

Það telst vera asahláka þegar snjór eða klaki bráðnar vegna hlýnunar þar sem hitastig á láglandi nær að lágmarki 5°C í 36–48 klst, með mikilli úrkomu og hvössum vindi, amk. 10 m/sek.

**8. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna utanaðkomandi vatns, s.s. grunnvatns, vatns frá svölum, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennslisleiðslum eða ef skólþleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyld ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- af völdum vatns sem Náttúruhamfaratryggingu Íslands er skylt að bæta.

**9. gr. Varúðarregla**

Tryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka.

### 4. Kafli. Frostsprunguþrygging

**10. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin greiðir bætur vegna tjóns á vatnsleiðslukerfi innanhúss vegna frostsprungna sem verða við það að hitakerfi hússins bílar skyndilega. Afleitt tjón af völdum vatns er bætt samkvæmt 2. kafla.

**11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón á snjóbræðslukerfum.

**12. gr. Varúðarregla**

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í sumarhúsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi neysluvatns þegar hætta er á frosti.

### 5. Kafli. Innbrotstrygging

**13. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin greiðir bætur vegna tjóns á hinu tryggða af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots, rans eða líkamsárásar. Tjón í þessu sambandi er þegar hið tryggða er skemmt og þegar einstaka munir þess eru fjarlægðir. Það telst innbrot þegar farið er í heimildarleysi inn í hús eða læst herbergi með því að brjóta upp læsingu, með stolnum lykli eða með öðrum óhefðbundnum ráðum. Það telst einnig innbrot þegar farið er inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað til félagsins sem sönnun fyrir tjóni.

**14. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki þjófnað á innbúsmunum sem geymdir eru utandyra, í tjöldum og ferðavögnum.

**15. gr. Varúðarregla**

- Læsa ber sumarhúsinu tryggilega sem og öðrum þeim stöðum sem trygging þessi tekur til þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni.
- Loka gluggum og krækja aftur, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

## 6. Kafli. Skemmdarverk

**16. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna skemmdarverka, þ.e. skemmda á tryggðum munum sem valdið er af ásetningu.

**17. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við sumarhús tryggðs.
- sem valdið er af tryggðum eða einhverjum einstaklingi sem heimild hefur haft til veru í sumarhúsi tryggða.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

## 7. Kafli. Brot- og hrunstrygging

**18. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum:

- brots eða hruns á loftaklæðningum eða naglföstum innréttingum í hinu tryggða sumarhúsi vegna skyndilegrar og óvæntrar bilunar.
- brots á borðplötu, þó eingöngu ef hún brotnar vegna óvænts, skyndilegs og utanaðkomandi atburðar eftir að borðplatan er að fullu frágengin og komin á endanlegan stað í innréttingunni.
- brots eða hruns á innbúi í sumarhúsi vegna tilfallandi bilana.
- brots á fasttengdum heimilistækjum sem rekja má til óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða eftir að þeim hefur verið komið fyrir á endanlegum stað í innréttingu.

**19. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki:

- rispur eða aðrar skemmdir sem ekki geta talist brot.
- fylgihluti sem hægt er að nota aftur, s.s. salernissetur og krana.
- skemmdir sem verða ef kvernast eða flísast úr borðplötu.
- skemmdir sem ábyrgð seljanda eða uppsetningaraðila nær til.
- kostnað við að aftengja uppbrot eða uppsetningu.
- tjón á verkfærum, gleraugum, úrum eða öðrum persónulegum munum vegna brots eða hruns.
- tjón af völdum vökva, sem hellist niður við brot eða hrun.
- tjón sem verða vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings.

## 8. Kafli. Snjópungatrygging

**20. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða veggi sumarhússins.

**21. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- af völdum snjóflóða.
- tjón sem er afleiðing byggingargalla.
- sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.

## 9. Kafli. Fok- og óveðurstrygging

**22. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón á hinu tryggða af völdum óveðurs þegar vindur mælist yfir 28,5 metrar á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Tjón á hinu tryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist aðeins hafi vindur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins.

Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

**23. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki:

- lausafjármuni staðsetta utanhúss.
- tjón á öðrum munum, sem ekki falla undir brunabótamatið nema þess sé sérstaklega getið á tryggingarskirteini.

## 10. Kafli. Glertrygging

**24. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón á gleri í hinu tryggða sumarhúsi ef það brotnar eftir að það er ísett, inngreypt eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að tryggja sérstaklega.

**25. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki:

- gler sem rispast eða flísast úr.
- tjón af völdum móðu á milli glerja.
- tjón af völdum þenslu, vindings eða ófullnægjandi viðhalds ramma eða lista.
- tjón sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu; þó bætir tryggingin tjón vegna málunar og venjulegs viðhalds húseignar.
- annað afleitt tjón af völdum brots á gleri.
- tjón sem er bótaskyldt úr brunatryggingu sumarhússins.

**26. gr. Ákvörðun bótaskyldu**

Bætur miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum isetningarkostnaði.

## 11. Kafli. Kæli- og frystivara

### 27. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á matvælum, ísskáp eða frystikistu vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu. Hámarksbætur eru 5% af innbúsfrjárhæð.

### 28. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón sem verður á ísskáp eða frystikistu vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef tækið er eldra en 5 ára og/eða ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.

### 29. gr. Varúðarregla

Tryggður skal sjá til þess að notkun tækisins sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

### 30. gr. Ákvörðun bótaskyldu

Bætur eru miðaðar við verðmæti samskonar matvæla og eyðilögðust á tjónsdegi.

## 12. Kafli. Ofhitnun á þvotti

### 31. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna ofhitnunar (suðu) á þvotti í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þessum tækjum. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að tryggður leggi fram reikning fyrir viðgerð með bilunarlysingu viðgerðaraðila. Hámarksbætur eru 5% af innbúsfrjárhæð.

### 32. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón á þurrkaranum eða þvottavélinni sjálfri vegna suðu (ofhitnunar).

### 33. gr. Varúðarregla

Tryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél eða þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

## 13. Kafli. Pallar og smáhýsi (valkvætt)

**Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.** Tryggingin tekur til garðhúsa, saunahúsa, smáhýsa allt að 15 m<sup>2</sup>, sólpalla, skjólveggja, girðinga, hliða og viðbygginga áföstum sumarhúsi. Skilyrði fyrir tryggingatöku er að hið tryggða sé staðsett á sumarhúsalóð tryggingartaka.

### 34. gr. Gildissvið

Bótasvið, undanþágur og varúðarreglur gilda samkvæmt neðangreindu eftir því sem við á:

- Brunatrygging, sjá 1. kafla
- Vatnstjónstrygging, sjá 2. kafla
- Skýfalls- og asahlákutrygging, sjá 3. kafla
- Frostsprungutrygging, sjá 4. kafla
- Innbrotstrygging, sjá 5. kafla
- Skemmdarverk, sjá 6. kafla
- Brot- og hrunstrygging, sjá 7. kafla
- Snjópungatrygging, sjá 8. kafla
- Fok- og óveðurstrygging, sjá 9. kafla

## 14. Kafli. Heitir pottar (valkvætt)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini en þá tekur hún til heitra potta staðsetta á sumarhúsaloð tryggingartaka.

### 35. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tjón af völdum eftirfarandi hluta skilmálanna gilda eftir því sem við á:

- Brunatrygging, sjá 1. kafla
- Fok- og óveðurstrygging, sjá 9. kafla
- Þjófnað og skemmdir á heitum potti sem valdið er af ásetningi í kjölfar þjófnaðar. Skilyrði fyrir bótaskyldu er að á tjónsstað séu greinileg vegsummerki að um þjófnað sé að ræða.
- Frostsprungutjón á lagnakerfi pottsins.

### 36. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Flutningskostnað á potti vegna viðgerðar.

### 37. gr. Varúðarregla

Ef um rafmagnspott er að ræða er skilyrði fyrir bótagreiðslu að vatnslagnir heita pottsins séu tæmdar þegar hætta er á frosti og slökkt er á honum.

## 15. Kafli. Innbúskaskó (valkvætt)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

### 38. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón sem verður á innbúi og á rætur að rekja til skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld samkvæmt ákvæðum 1-11. kafla jafnvel þó að fullar bætur fái ekki greiddar vegna viðkomandi tjóns.

### 39. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna þjófnaðar.
- sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- sem rekja má til eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi tryggðra muna.
- sem rekja má til dýra.
- sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- sem rekja má til þess að tryggður munur er mislagður, gleymist, týnist eða skilinn eftir á almannafæri.
- sem rekja má til hvers konar meindýra.

### 40. gr. Varúðarregla

- Læsa ber tryggilega sumarhúsinu og öðrum þeim stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- Gæta skal þess að taka tryggða muni meðferðis þegar staðir eru yfirgefnir og gæta þeirra þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- Fara skal að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.

## 16. Kafli. Ákvörðun bóta

### 41. gr. Húseign, pallur, smá hýsi og heitir pottar

Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti þess sem tjónast.

Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinu tryggða. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu tryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins tryggða. Ef tryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu tryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

Tjónist hið tryggða það mikið að ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati félagsins, getur félagið greitt bætur í peningum sem nemur andvirði hins tryggða að frádrögnum því verðmæti sem eftir stendur.

Tjón sem orsakast af leka úr leiðslum í sameign eða sameiginlegum leiðslum bætast í hlutföllum við eignarhluta tryggingartaka í húseigninni.

Við greiðslu tjóns á gólfefni sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%. Komi til tjóns á gólfefnum eru aðeins greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður.

### 42. gr. Innbú

Bætur miðast við að fjárhagsstaða tryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er.

Félaginu er heimilt að bæta tjón með peningagreiðslu, greiða kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda mun eða afhenda tryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins tryggða.

Bætur eru greiddar á grundvelli verðs nýrra muna, að frádrögnum afskriftum vegna aldurs og notkunar.

Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftirfarandi töflu. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70% í þessari töflu.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Húsgögn	1 ár	10%
Rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól, rafmagnshjól og létt bífhjól	1 ár	15%
Gólfteppi og önnur laus gólfefni	1 ár	20%
Skíða, golf- og útivistarbúnaður	1 ár	10%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 5 ár.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Spjaldtölvur og lófatölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Borðtölvur, fartölvur og ihlutir ásamt fylgihlutum	1 ár	20%

- Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- Óáþreifanleg verðmæti s.s. hugverk og minjagildi bætist ekki.
- Glatáðir og stólnir munir, sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess, með því að endurgreiða bæturnar. Félagið getur krafist framvísunar á skemmdum munum sem það hefur bætt að fullu.



Hámark er á greiðsluskyldu félagsins í eftirfarandi tilvikum:

- Úr, skartgripir, málverk og önnur listaverk bætast með allt að 10% af tryggingarfjárhæð innbús, enda séu þessir munir í sumarhúsi tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
- Sérgreint innbú, þ.e. peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frimerkjasöfn bætast með allt að 1% af tryggingarfjárhæð innbús hvers liðar, enda séu þessir munir í sumarhúsi tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
- Verkfæri og varahlutir bætast með allt að 5% af tryggingarfjárhæð innbús, enda séu þessir munir í sumarhúsi tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.

## 17. Kafli. Ábyrgðartrygging húseigenda

### 43. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á tryggðan samkvæmt íslenskum lögum sem eiganda sumarhúseignar þeirrar eða sumarhúseignarluta er tryggingarskírteini greinir.

Félagið getur því aðeins orðið bótaskyld ef tjónið bakar tryggðum skaðabótaábyrgð sem eiganda sumarhússins eða sameiganda þess með öðrum og þá í réttu hlutfalli við eignarluta hans enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar húseignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt ákvæði þessu að slys eða skemmdir verði raktar til skyndilegs og óvænts atburðar.

### 44. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón sem verður vegna atvinnu hins tryggða hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða vinnu í þjónustu annarra.
- tjón á munum sem hinn tryggði hefur til afnota til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
- tjón á munum sem tryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyki, sóti eða sprengingu.
- sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál tengt hinum tryggða.
- tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, vatns eða sjávar nema slíkt tjón stafi af einum, skyndilegum, ákveðnum atburði. Hið sama gildir um tjón á munumaf völdum slíkrar mengunar.
- tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka.
- tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.

### 45. gr. Tryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tryggingaratburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í tryggingarskírteini. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.

Kostnaður sem til er stofnaður með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

### 46. gr. Tryggingartímabil

Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir en síðar. Tryggingin tekur því ekki til atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin er tekin.

### 47. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé skaðabótakrafa gerð á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og er heimilt að gera hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem með viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum þegar hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

Jafnframt skal greiða viðbótariðgjald þegar vinnupallar eru notaðir við aðra viðhaldsvinnu. Misbrestur á þessu getur valdið takmörkun ábyrgðar félagsins skv. 25. gr. laga vsl.

## 18. Kafli. Almenn ákvæði

### 48. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir aðeins á Íslandi á þeim stað sem skráður er á skírteini.

### 49. gr. Hvað er tryggt?

#### Sumarhúsið:

Sumarhús og almennt fylgifé þess. Við það skal miðað að sumarhús séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati sumarhússins auk fasttengdra hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útvegi teljast ekki til sumarhússins í skilningi þessa skilmála nema þau séu hluti af brunabótamati.

#### Innbú:

Lausafé og persónulegir munir sem að almennt fylgja sumarhúsum og telst ekki vera hluti af húseign eða almennu fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem tryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli sumarhúsa. Dyr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki telst ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála. Tryggingin nær einnig til muna í viðbyggingu við tryggt sumarhús og/eða í fristandi húsnæði sem staðsett er á lóð tryggðs sumarhúss.

#### Valkvæðir þættir:

Hægt er að tryggja aukalega heita potta, pall, og smáhýsi og eru þessar eignir tryggðar séu þær teknar fram á trygginga skírteini. Einnig er hægt að bæta við innbúskaskó sem tekur á óvæntum tjónum á innbúi sem falla ekki undir aðra þætti tryggingarinnar.

### 50. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Tryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á tryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. vsl.

### 51. gr. Vísitala

Tryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari tryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs og byggingakostnaðar, eftir því sem við á við hverja endurnýjun þessara trygginga.

### 52. gr. Samsömun

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki tryggingartaka/tryggðs hafi brotið gegn ákvæðum tryggingarinnar skv. reglu b. liðar 2. mgr. 29. gr. vsl. Sé trygging þessi notuð í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna hinns tryggða.

### 53. gr. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að tryggðri húseign fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

Skilmáli þessi gildir frá 01.02.2025